

Fréttir af markaði

Heildarútlán Íbúðalánasjóðs námu rétt rúmum 1,9 milljörðum króna í júní en þar af voru um 1,6 milljarðar króna vegna almennra lána. Samtals námu útlán á fyrstu sex mánuðum ársins 2010 tæpum 12 milljörðum króna samanborið við rúmlega 17,4 milljarða yfir sama tímabil ársins 2009. Meðalútlán almennra lána voru um 10,0 milljónir króna í júní en um 8,6 milljónir í maí síðastliðnum.

Íbúðalánasjóður hélt fjórða útböð íbúðabréfa á árinu 7. júní 2010. Alls bárust gild tilboð að nafnvirði 13,137 milljarða króna og ákveðið var taka tilboðum að nafnvirði 1,3 milljörðum króna í HFF24 á meðalávöxtunarkröfunni 3,61% án þóknunar, 2,8 milljarða króna í HFF34 á meðalávöxtunarkröfunni 3,57% án þóknunar og 2,65 milljarða króna á meðalávöxtunarkröfunni 3,55% án þóknunar. Vegin heildarávöxtunarkrafa tekkin tilboða án þóknunar var 3,57% og 3,59% með þóknun. Stjórn Íbúðalánasjóðs lagði það til við félags- og tryggingarmálaráðherra að hækka vaxtaálag sjóðsins um 0,15% og féllst ráðherra á þá tillögu. Íbúðalánasjóður ákvað í kjölfar útböðs að útlánavextir héldust óbreyttir og eru því þeir sem áður 4,50% með uppgreiðsluákvæði og 5,00% án uppgreiðsluákvæðis.


Matsfyrirtækið Standard & Poors greindi frá því 14. júní síðastliðinn að það hefði lækkað láns hæfiseinkunnir Íbúðalánasjóðs vegna lækkandi eiginfjárstöðu. Láns hæfiseinkunn vegna langtímaskuldbindinga í íslenskum krónum lækkar í BB+ úr BBB. Jafnframt var láns hæfiseinkunn vegna langtímaskuldbindinga í erlendri mynt lækkuð í BB+ úr BBB-. Láns hæfiseinkunn fyrir skammtímaskuldbindingar í íslenskum krónum og erlendum myntum var lækkuð í B úr A-3. Þá voru láns hæfiseinkunnirnar teknar af athugasemjum með neikvæðum vísbendingum en horfur eru neikvæðar.

Þann 16. júní var skrifað undir samninga hjá Íbúðalánasjóði í tengslum við útgáfu íbúðabréfa og viðskiptavakt á eftirmarkaði. Markmiðið með samningnum er að styrkja aðgang Íbúðalánasjóðs að lánsfé og efla verðmyndun á eftirmarkaði. Frá 1. júlí 2010 hafa fimm fjármálastofnanir heimild til að kalla sig „Aðalmiðlara með íbúðabréf“. Þær eru: Arion banki hf, Íslandsbanki hf, MP banki hf, NBI hf. og Saga Capital fjárfestingarbanki. Samningarnir gilda frá 1. júlí 2010 til 30. júní 2011.

Heildarvelta íbúðabréfa nam um 66,5 milljörðum króna í júní samanborið við um 46,6 milljarða í maí. Ávöxtunarkrafa íbúðabréfa lækkaði um 7-23 punkta eftir flokkum.

Greiðslur Íbúðalánasjóðs námu rúmum 10,2 milljörðum króna í júní en þær voru að stærstum hluta vegna afborgana íbúðabréfa í flokki HFF44 en einnig vegna afborgana húsnæðisbréfa. Uppgreiðslur lána íbúðalánasjóðs í júní námu tæpum 850 milljónum króna.


Ávöxtunarkrafa íbúðabréfa




Flokkur	Apríl 2010	Maí 2010	Júní 2010	Meðal-líftími	Nafn-verð	Eft.st. nafnv.
HFF14	3,21%	3,23%	3,00%	2,2	70,7	35,1
HFF24	3,67%	3,62%	3,55%	6,3	158,3	122,5
HFF34	3,71%	3,60%	3,49%	10,4	166,3	146,0
HFF44	3,71%	3,58%	3,43%	14,0	251,5	233,1

*Ávöxtunarkrafa á síðasta viðskiptadegi hvers mánaðar. Meðallíftími (ár) og stærð flokka (milljarðar) í lok júní '10. Af heildarútgáfu nafnverðs eru 9,6 ma. króna í HFF14, 9,6 ma. króna í HFF24, 9,6 ma. í flokki HFF34 og 9,6 ma. í flokki HFF44 sem tilheyrir lánafyrirgreiðslu til viðskiptavaka íbúðabréfa.

Heildarútlán eftir ársfjórðungum (ma.ISK)



Vextir íbúðalánasjóðs 2006-2010




Útböð, útlán og greiðslur Íbúðalánasjóðs

Niðurstaða 2010				
	Áætlun Q2	Raun Q2	Áætlun 2010	Raun jan-jún 2010
Í milljörðum króna				
Útgáfa íbúðabréfa	12 - 14	13,9	42 - 50	24,7
Samtals ný útlán ÍLS	6 - 8	5,2	25 - 33	12,0
Greiðslur ÍLS	20 - 22	23,0	65 - 73	40,8

Tölur í milljörðum króna

Endurskoðuð áætlun 2010					
	1Q	2Q	3Q	4Q	Alls 2010
Í milljörðum króna					
Útgáfa íbúðabréfa	9 - 11	12 - 14	10 - 12	11 - 13	42 - 50
Ný útlán ÍLS	5 - 7	6 - 8	7 - 9	7 - 9	25 - 33
Greiðslur ÍLS	15-17	20 - 22	14 - 16	16-18	65 - 73

Tölur í milljörðum króna



Útböð íbúðabréfa

